



Reykjavík 21. Janúar 2009

Til menntamálanefndar Alþingis

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.**

Samtök atvinnurekenda telja frumvarp til laga um framhaldsfræðslu styrkja lagaramma um fullorðinsfræðsluleið fyrir fólk á vinnumarkaði. Í því felast tækifæri til að efla starf til að byggja upp mannauð í þágu samfélags og atvinnulífs utan formlega skólakerfisins en í góðu samstarfi við það. Meðal ávinnings við að fella margháttaða og umfangsmikla framhaldsfræðslu undir ein lög má nefna:

- Í því felst viðurkenning á nauðsyn þess að fólk sem ekki hefur nýtt sér þjónustu opinbera skólakerfisins bjóðist menntunaráæði sem taki mið af þörfum þess og einnig viðurkenning á gildi náms sem fellur utan formlega skólakerfisins m.a. mati á raunfærni til starfa.
- Rammi er settur um heildstætt kerfi bæði fyrir einkageirann og opinbera geirann þar sem stefnt er að því að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni með skipulegu framboði á menntun og þjálfun.
- Símenntun í atvinnulífinu er skapaður nauðsynlegur lagarammi og formfest samstarf aðila vinnumarkaðarins að þeim málum.
- Ábyrgð á símenntun í atvinnulífinu; stefnumótun, framkvæmd, þróun, nýsköpun og eftirliti og mati, er á hendi eins ráðuneytis.

Samtök atvinnurekenda telja lögin býsna opin. Það er bæði styrkur þeirra og veikleiki. Mikið veltur á að við framkvæmd laganna sé byggt á bestu reynslu aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda á sviði menntamála. Samtök atvinnurekenda óska eftir því að vera höfð með í ráðum við smíði reglugerða og aðra útfærslu á lögnum.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa frá í lok 2002 rekið Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og gert þjónustusamninga um margvísleg verkefni á sviði framhaldsfræðslu við menntamálaráðuneytið. Hefur samstarf í FA og samstarf FA við ráðuneyti og fræðsluaðila, m.a. símenntunarmiðstöðvar, reynst vel. Starfsemin hefur skilað miklum árangri sem ekki verður tíundaður sérstaklega hér, heldur vísað í ársskýrslur FA. Í ljósi þessa gerir frumvarp um framhaldsfræðslu ráð fyrir að FA annist áfram margvísleg verkefni samkvæmt samningi við ráðuneytið. Hafnar eru viðræður við fulltrúa atvinnurekenda og launafólks hjá ríki og sveitarfélögum um aðild þeirra að FA. Að mati samtaka atvinnurekenda er það forsenda að hvorttveggja ofangreint gangi eftir og þessum samningum þarf því að ljúka áður eða um leið og frumvarpið verður að lögum.



Samtök atvinnurekenda gera athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins og leggja til að hún verði sem hér segir:

*Framhaldsfræðsla: hvers konar menntun og úrræði sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni og skipulögð er með hliðsjón af þessum þörfum.*

Óbreytt nær greinin ekki alveg utan um það sem framhaldsfræðsla ætti að vera, þ.e. mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki **OG** þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni sbr. c lið 2. gr. Þá er síðari hluti setningarinnar of takmarkandi. Eftir framhaldsfræðsluleið stendur fólki á vinnumarkaði til boða leiksskólaliðabré og félagsliðabré. Það nám er skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla en hægt er að stunda það með námi í símenntunarstöðvum og hefur það reynst mjög vel. Fulltrúar SA og ASÍ ræddu ofangreinda breytingu á greininni við þá sem sömdu frumvarpið. Svo virðist sem sameiginlegur skilningur þeirra sem þar ræddu málið hafi ekki skilað sér í endanlegan texta frumvarpsins.

Samtök atvinnurekenda vilja einnig draga sérstaklega fram að það er mikilvægt að stuðningur við endurmenntun iðnaðarmanna og annarra starfsmenntaðra verði ekki lakari eftir fyrirhugaða lagasetningu en áður. Bent skal á varðandi 10. gr. að gert er ráð fyrir því að við setningu laga um framhaldsfræðslu falli úr gildi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19 frá 1992. Starfsmenntasjóður hefur reynst öflugur bakhjarl við þróun margra iðn- og starfsgreina. Samtök atvinnurekenda áréttu því mikilvægi c. liðar 10. gr. um að verðandi Fræðslusjóður veiti myndarlega styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem nýtist starfsfólki og fyrirtækjum ýmissa starfsgreina eins og starfsmenntasjóður hefur gert.

Mikilvægt er einnig að samlegðaráhrif opinbera skólakerfisins og framhaldsfræðslukerfis séu nýtt. Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að framhaldsfræðslukerfið sé „fimmta grunnstoð menntakerfisins“. Meðal forsendna fyrir framhaldsfræðslulögum hafa menn talið vera að framhaldsskólinn hafi ekki náð að þjóna stórum hópi fólks; þeir sem hafa minnsta menntun hafa ekki hlotið þar þjónustu við hæfi. Ekki stendur til að létta þeirri ábyrgð af herðum opinbera skólakerfisins og færa hana yfir á aðra „grunnstoð“ heldur vinna að því ötullega að skapa skilyrði til þess að leikskólinn, grunnskólinn og framhaldsskólinn sé skóli allra. Skilning og öfluga samvinnu milli opinbera skólakerfisins og framhaldsfræðslunnar er afar mikilvægt að tryggja, þannig verður nýting fjármuna og þjónustan best.

Virðingarfyllt,

f.h. SA

f.h. SI

f.h.SVP

f.h.SAF

f.h. SART

f.h.SF

f.h. LÍÚ